

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. mars 2018

Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja).

UNICEF á Íslandi vísar til erindis nefndarsviðs þar sem samtökunum var gefið tækfæri til að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um mál nr. 114, frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja).

UNICEF á Íslandi vill byrja á því að fagna þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í þinginu um Barnasáttmálann og réttindi barna í kjölfar þess að málið var lagt fram. Sú umræða hefur tekið á mörgum hliðum sáttmálans og er það gleðilegt að sjá hversu margir þingmenn hafa kynnt sér Barnasáttmálann og réttindi barna á Íslandi. Slík umræða mun skila sér í ríkari umræðu um velferð og réttindi barna í fleiri málum í meðförum þingsins.

Réttindi barna eru að mörgu leiti háð túlkun og menningar- og lagalegu umhverfi aðildarríkja Barnasáttmálans. Mikilvægt er að reglulega eigi sér stað umræða þar sem ólíkir málaflokkar, starfshættir, reglur, siðir og venjur eru endurmetin út frá réttindum barna, þekkingu og menningarlegu samhengi á hverjum og einum stað, á hverjum tíma.

Samtökin eru sammála því markmiði laganna sem lítur að því að banna læknisfræðilega óþörf inngrip í líkama barna. UNICEF á Íslandi vill þó taka fram að skoða þurfi þessi mál á heildstæðari hátt og taka inn í umræðuna öll óþörf læknisfræðileg inngrip í líkama barna. Eru samtökin þá að horfa til réttinda allra barna, meðal annars intersex barna og þeirra aðgerða sem framkvæmdar eru á kynfærum þeirra áður en þau ná aldri til að hafa áhrif á þá ákvörðun.

UNICEF á Íslandi leggur til að umræðan um efni frumvarpsins fari fram á almennari grundvelli en frumvarp þetta gerir og að tryggt sé að ólíkum trúarbrögðum sé sýnd nærgætni í þeirri umræðu. Þar sem að frumvarpið beinist að inngripum sem tengjast síðum tiltekinna trúarhópa er nauðsynlegt að víkka umræðuna og umfang frumvarpsins með það að markmiði að gæta jafnræðis og mismuna ekki börnum eftir trú eða lífsskoðunum sem foreldrar þeirra kunna að fylgja. Hætt er við því að með því að gera umskurð refsiverðan samkvæmt hegningarlögum gefi það ákveðnum trúarhópum þá upplifun að þeir séu ekki velkomnir eða að þeim sé mismunað hér á landi. UNICEF leggur því til að efni frumvarpsins verði frekar komið fyrir í heilbrigðislögum.

Virðingarfyllt,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi
bergsteinn@unicef.is
S: 552 6364 / 615 4049